



# AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Mar 2013

2. tbl. 20. árg.

## Meðal efnis:

### Veiðileyfin

- Þau fylgja með - vonandi

### Aðalfundurinn

- Í máli og myndum

### Uppskriftin

- Jú hún er á sínum stað

### Pistil formanns

- Jú hann er þarna líka

### Opnu húsin

- Dagskráin jú jú - hún er líka

### Sala veiðileyfa

- Allar upplýsingar á bls. 8

- Hér til hliðar og neðan:
- Til hliðar: Formaðurinn flytur skýrslu stjórnar á aðalfundi félagsins 9. febrúar síðastliðinn.
- Fyrir neðan: Fundargestir á aðalfundinum hlýða á skýrslu formanns.

## Takið Eintak



## Veiðikortið

35 vötn

Eitt kort

6.900 kr.

[www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)



Elliðavatn  
komið á  
kortið!

# Uppskriftin

## Pecan húðaður silungur - bakaður

### Hráefni:

0,5 bolli malaðar  
pecan hnetur  
1 tsk þurrkað og  
mulið rósmarín  
1 tsk salt  
svartur pipar eftir  
smekk  
1 dl hveiti  
4 væn silungaflok  
1 egg (handhrært)

### Aðferð:

Hitið ofn í 200°C  
Setjið bökunarpappír á bökunarplötu.  
Blandið saman pecan hnetum, rósmarín, salt og pipar í  
grunna skál.  
Setjið hveitið í aðra grunna skál.  
Veltið flökunum upp úr hveiti og hristið umframhveiti af.  
Dýfið fiskinum í eggjð, svo í hnetublönduna, þrýstið létt á  
á meðan.  
Setjið flökin á bökunarpappírinn.  
Bakið í 10 til 12 mínútur.

Berist fram með hrísgrjónum, fersku salati og góðri  
sítrónusósu.

*Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum*



# FJARÐARKAUP

*Verslun Veiðimannsins*

# Formaðurinn

Jæja! Nú er styttest en meira í veiðina og langur vetur næstum því að baki. Var næstum því búin að skrifa! Gleðilegt sumar! Hefði líklega gert það í síðustu viku. Veðurguðirnir voru nú heldur betur að stríða okkur með þessu indæla vorveðri sem lyfti brúnum á mörgum andlitum. Að minnsta kosti voru þeir veiðmenn sem maður hitti með fiðring og í stresskasti yfir að vera ekki búin að hnýta þessa eða hina fluguna. En búmm! Kuldakast sem byrjaði



um síðustu helgi skall á okkur alveg óvænt, eða eins og einhver sagði; Betra er að fá Páskahretið núna í en um páskana. En við skulum ekki fara í nein þyngsli yfir þessu. Talningin fram að fyrsta veiðidegi er hafin fyrir alvöru, enda innan við mánuður þangað til. Það er líka ákveðin vorboði, að nú fylgir með blaðinu úthlutun veiðileyfa. Umsóknir eru með ágætasta móti og lítil merki þess að menn muni draga úr veiðinni í sumar enda silungsveiði ódýrasti kosturinn. Ég hef þá trú að enn fleiri munu sækja í hana þetta árið. Eins og við minntumst á í síðasta blaði, þá er hvert sumar óskrifað blað og ekki nokkur leið að spá neinu. Eins og alltaf þá er reynt að koma til móts við alla sem frekast er kostur þegar unnið er úr umsóknum. Vel var sótt um t.d. í Fossálana sem greinilega er að slá í gegn hjá okkar félögum, enda fallett veiðisvæði og með góðu veiðihúsi. Margir vilja lengja veiðitímabilið sitt með því að fara í skemmtilega haustveiðitúra. Það styttir biðina fram að næsta veiðitímabili.

Vetrarstarfið er í enn í fullu fjöri og gleðilegt að sjá bæði unga sem eldri mæta. Þá er unglíngastarfið með besta móti og nú er það í hverri viku í stað hálfsmánaðarlega áður. Borist hafa veglegar gjafir frá eldri félögum til styrktar starfinu, sem er ómetanlegt og kunnum við þeim bestu þakkar fyrir. Er þetta mikil hvatning fyrir ungliðana okkar.

Í síðasta mánuði var aðalfundur félagsins haldin við ágæta mætingu, þótt að við vildum sjá virkari þátttöku fleiri félaga. Núna framundan eru bæði kynningar, hnýtingar og lokakvöldið í næsta mánuði ásamt því að keppnin Efnilegasta Silungaflugan fer í gang fljótlega. Hvet ég félagsmenn til þess að vera með.

*Sjáumst hress  
Kv. Vilborg*



Myndirnar hér á síðunni:

- Að ofan: Frá ritstjóra. Stundum finnast svona staðir utan alfaraleiða, en árangurinn (innskotna myndin) ekkert í samræmi við magnið af fiskinum á staðnum.

- Að neðan: Þessir sem voru hjá okkur á opnu húsi um daginn - ætli þeir eigi ekki svar við því hvernig megi ná í fleiri fiska upp úr hylnum?





# Ritstjórinn

## AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.  
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is  
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Vilborg Reynisdóttir

Ritstjórinn: Ævar Ágústsson  
Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is

Nú þegar þessi pistill er ritaður er veðrið úti ekki upp á sitt "besta", a.m.k. miðað við síðustu daga. Veðrið í febrúar var þannig að við lá að veiðibúnaðurinn yrði tekinn fram og farið að huga að því að gera allt klárt - en snjóskotið núna stoppaði það. Á þessum tíma þegar líða fer að fyrstu veiðidögum vorsins lít ég oft yfir myndir frá síðustu veðiferðum og / eða útivistarferðum.



Því miður er það svo að þegar farið er að skoða myndir frá síðasta sumri, rekst ég oft á skelfilega umgengni ferða- og/eða veiðimanna. Þetta á sérstaklega við inni á hálendi okkar (Skagaheiði og Arnarvatnsheiði til dæmis). Hvernig dettur þeim í hug, sem eru á ferðinni að búa til eldstæði við vatn inni á hálendi og skilja svo eftir fullt af brotnum flöskum, tómum bjórdósum, álbökkum svo eitthvað sé nefnt? - Þessu svara væntanlega fáir, en þetta er ekki það eina sem hægt er að rekast á. Oft er hægt að rekja "slóð" eftir veiðimenn með því að fylgja bjórdósum, þetta er klárt virðingarleysi. Við eigum bara að skilja eftir spor okkar í náttúru landsins.

Annað sem ég hef líka rekist á utan alfaraleiða, það eru merki um meðferð skotvopna. Skilti - sundurskotin, til hvers? Þetta kom upp í hugann á fundi í vikunni þegar við vorum að fara yfir það sem gera þyrfti við Kleifarvatn. Eitt atriði er að setja upp skilti og leiðbeiningar, "nei" sagði þá einn, "öll slík skilti eru bara skotin í klessu þarna ....".

Hver er tilgangurinn með slíku? - Ég veit að þið lesendur góðir getið víst ekki svarað þessu - en eruð þið til í að koma þessum ábendingum á framfæri við alla náttúruunnendur sem þið rekist á? Ég veit að góðir hlutir gerast hægt - en það má alltaf reyna að sporna við svona umgengni.

Kveðja;  
Ævar

- Við Kleifarvatn  
Einhver "gleymdi" að taka  
með sér ruslið.



# Vetrardagskrá SVH 2013

Þetta er ávallt á fimmtudögum. Húsið opnar kl.: 20:00 og er opið öllum.

- |                         |  |
|-------------------------|--|
| 14. mars - fim.         | Opið hús - hnýtingar og spjall                           |
| 21. mars - fim.         | Opið hús - hnýtingar og spjall                           |
| 4. apríl - fim.         | Kynning, Veiðihornið - Hafnarfirði<br>Svavar Þórhallsson |
| 11. apríl - fim.        | Kynning, auglýst síðar                                   |
| 18. apríl - fim.        | Opið hús - hnýtingar og spjall                           |
| <b>24. apríl - mið.</b> | <b>Lokahóf, kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta</b>         |

*Kveðja  
Nefndin*



Við fáum ýmsa höfðingja í heimsókn til að hnýta með okkur yfir veturinn. Þessi kom um daginn og hnýtti með gestum hjá okkur.

# Unglingastarf SVH

Kæru félagar;

Ekki er langt síðan að ég biðlaði til ykkar um efni sem þið væruð aflögu færir um. Ég átti nú von á einhverju efni EN það sem hefur borist til okkar er alveg ævintýranlegt. Sumt af því er frá tíma Litlu Flugunnar hans KK (Kristjáns Kristjánssonar). Öngla þakkingar merktar Kr: 2,50 og ýmis skemmtileg efni sem ekki hafa sést, að mér er sagt, í langan tíma.

Vil ég þakka ykkur öllum fyrir þennann stuðning. Mikill áhugi er hjá unglungunum sem koma til okkar á hverju þriðjudagskvöldi kl: 19:00. Þeir / þau - ykkar sem hafið áhuga eruð velkomin að kíkja inn til okkar og spjalla, eða kenna okkur eitthvað sem gæti komið að gagni. Við erum til dæmis að fara að læra hnúta. Við erum svo heppin að hann Logi Kvaran sem er með okkur kann fullt af hnútum og ætlar hann að vera leiðbeinandi .  
Enn og aftur takk fyrir okkur.

*Kveðja - María Petrína*



Hluti af þeim nemendum og annar stjórnandinn sem hafa verið á uSVH það sem af er vetri 2013 að læra fluguhnýtingar. Hér erum við með video - kvöld .

# Sala veiðileyfa

Kæru félagar.

Þá er komið að veiðileyfunum.

Við verðum með söludagana á eftirfarandi dögum:

Mánudagur 18. mars frá 18:00 til 22:00

Þriðjudagur 19. mars frá 18:00 til 22:00

Mánudagur 25. mars frá 20:00 til 22:00

**ATHUGIÐ - ATHUGIÐ - ATHUGIÐ**

**Eftir þessar dagsetningar fara öll óseld og ÓSÓTT  
veiðileyfi inn á söluvefinn [www.leyfi.is](http://www.leyfi.is)**



Flugulínur

**aquaz**®

Vöðlur og skór



Flugustangir

[www.arvik.is](http://www.arvik.is)



Aðalfundur Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar  
haldinn 9. febrúar 2013  
í húsnæði félagsins að Flatahrauni 29.

Formaður félagsins, Vilborg Reynisdóttir, setti fundinn klukkan 13.00 og minntist látinna félagsmanna og það fundarmenn að rísa úr sætum til að heiðra minningu þeirra með stuttri þögn.

1. Fundarstjóri var kosinn Einar Ólafsson.  
Fundarritari var kosinn Úlfar Sigmarsson.
2. Fundarritari las fundargerð síðasta aðalfundar.
3. Vilborg Reynisdóttir flutti skýrslu stjórnar.
4. Stefán Árnason, gjaldkeri, skýrði reikninga félagsins. Tekjur umfram gjöld urðu 1.997.720.
5. Umræður um reikninga félagsins og skýrslu stjórnar. Spurt um veiðileyfi stjórnar.  
Stjórnin fer einu sinni á ári í Veiðivötn og auk þess eru veittar stangir fyrir ýmis störf.  
Fram kom að menn fögnuðu því að getið væri um þetta í reikningum félagsins.
6. Reikningar félagsins voru bornir undir atkvæði og samþykktir.
7. Lagabreytingar. Ein lagabreyting lá fyrir fundinum. Þar sem lagabreytingin var ekki tilgreind í fundarboði óskaði fundarstjóri eftir fráviki til að bera þessa breytingu undir atkvæði. Við 6. gr. kemur viðbót um að óheimilt sé að veðsetja eignir félagsins nema með samþykki 2/3 félagsmanna á tveimur aðalfundum. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt.
8. Kjör til formanns til eins árs. Enginn bauð sig fram á móti formanninum þannig að Vilborg Reynisdóttir var sjálfkjörin. Aðrir í stjórn eru Hallberg Svavarsson, Stefán Árnason, Sigurður Karlsson og Ævar Ágústsson. Hallberg og Ævar voru kosnir á fundinum. Stefán og Sigurður voru fyrir í stjórn
9. Kjör þriggja manna í varastjórn til eins árs.

Varastjórn félagsins var endurkjörin. Hana skipa María Petrína Ingólfssdóttir, Sigríður Hrólfssdóttir og Finnbogi Albertsson

10. Kjör tveggja skoðunarmanna og eins til vara, til eins árs.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir. Þeir eru Guðmundur Sigurjónsson, Kristján Knúttsson og til vara, Þorleifur Sigurðsson.

11. Kjör nefnda og nefndarformanna til eins árs.

Hlíðarvatnsnefnd:	Formaður Heiðar Sverrisson
Djúpavatnsnefnd:	Formaður Þórólfur Kristjánsson
Kleifarvatnsnefnd:	Formenn Bjartur Ari Hansson og Grímur

Reykdal

Fiskiræktarnefnd:	Formenn Bjartur Ari Hansson og Grímur
-------------------	---------------------------------------

Reykdal

Formaður kastnefndar:	Svavar Gunnarsson
Formaður ritnefndar:	Ævar Ágústsson
Formaður húsnefndar:	Sigríður Hrólfsdóttir
Umsj.maður unglिंगastarfs:	María Petrína Ingólfsdóttir
Umsjónarmaður heimasíðu:	Haraldur Víðisson

12. Ákvörðun árgjalds. Óbreytt frá fyrra ári, 5.000 kr. og hálf gald fyrir elliífeyrisþega og öryrkja. Inntökugjald fylgir árgjaldi.

13. Önnur mál.

Formaður bað nýja menn í nefndum um að hitta sig að loknum fundi. Hún talaði um lélegt ástand húsanna og óskaði eftir aðstoðarmönnum við verkið. Minntist hún sérstaklega á ástand hússins við Djúpavatn. Hún sagði þetta yrði að gerast fyrstu helgarnar í maí. Hún sagði frá gjöf til unglिंगastarfsins frá Grétari Garðarssyni og Gabríel Guðmundssyni.

Fundarstjóri sleit fundi um klukkan tvö.

Hafnarfirði 9. febrúar 2013

Úlfar Sigmarsson



Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan fyrir ýmsar veislur.  
Upplýsingar veitir: Sigríður s: 5653602 eða 8923037 - Vilborg s: 8643989

# Veiðibúðin við Lækinn Veiðihornið - Hafnarfirði



Hér að ofan: Svavar alltaf tilbúinn að aðstoða - líklega verður alltaf heitt á könnunni að auki.

Nú er rétt rúmt ár liðið frá því Bráð ehf., félag í eigu Maríu Önnu Clausen og Ólafs Vigfússonar keypti rekstur Veiðibúðarinnar við lækinn í Hafnarfirði en Bráð ehf á einnig hina þekktu veiðibúð Veiðihornið í Síðumúla 8 og vefverslanirnar Veiðimadurinn.is og Flugan.is.

Árið fór rólega af stað enda flestir veiðimenn í dvala í svartasta skammdeginu en hjólin fóru að snúast með vorinu og reksturinn var vel viðunandi þegar leið á árið.

All miklar breytingar voru gerðar á veiðibúðinni. Lausum og þunglamalegum innréttingum var skipt út og létt yfir búðinni auk þess sem Veiðibúðin var fyllt af spennandi veiðibúnaði á sanngjörnu verði.

Nú þegar eitt ár er liðið þekkjum við orðið betur hvaða vörusamsetning gengur í Veiðibúðinni og verða nokkrar breytingar gerðar á úrvalinu nú strax í vor.

Auk allra stóru veiðimerkjanna í fluguveiðinni svo sem Simms, Sage, Waterworks, Rio, Lamson, Redington o.fl. verður einnig á boðstólum mjög gott úrval af ódýrari búnaði svo allir ættu að fá það sem þeir þarfnast til þess að veiðiferðin verði árangursrík og skemmtileg. Til viðbótar við stangaveiðivörur er nú einnig hægt að fá búnað fyrir skotveiðimanninn svo sem skotfæri og aukabúnað.

Nú nýlega tók við stjórn verslunarinnar hafnfirðingurinn Svavar Þórhallsson sem allir veiðimenn í Hafnarfirði þekkja en Svavar hefur verið mörg ár í bransanum. Er það mikill fengur fyrir veiðibúðina að fá Svavar til starfa og mun hann leiðbeina viðskiptavinum verslunarinnar af sinni alkunnu þjónustulund.

Um mánaðamótin mars apríl mun verslunin skipta um nafn. Nafn og merki Veiðihornsins verður tekið upp en merki Veiðibúðarinnar við lækinn lagt til hliðar. Veiðimenn í Hafnarfirði þurfa nú ekki lengur að fara yfir lækinn til þess að ná sér í vandaðan veiðibúnað á viðráðanlegu verði.

# VEIÐIBÚÐ HAFNFIRÐINGA



STRANDGATA 49 - HAFNARFJÖRÐUR - SÍMI 555 6226